

**Nd.**

**583. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

c-liður 3. gr. laganna orðist þannig: að hann sendi afrit af skattskrá sinni fyrir síðastl. ár um eignir og skuldir, staðfest af skattanefnd.

2. gr.

- a. Aftan við fyrri málsgr. 4. gr. laganna bætist: Þó skal sjóðstjórninni heimilt að veita lán til þess að reisa allt að 10 slík nýbýli á ári hverju.
- b. Síðari málsi. greinarinnar falli niður.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Lán til þess að reisa nýbýli á óræktuðu landi eða landi, sem að nokkru leyti hefir verið ræktað af lántakanda sjálfum síðustu fimm árin, skulu ávaxtast og endurgreiddast með jöfnum greiðslum þannig, að árlegt gjald af allri lánsfjárhæðinni sé  $3\frac{1}{2}\%$  í 50 ár. Lán þessi skulu standa án afborgunar og vaxta fyrstu fimm árin.

Öll önnur lán úr sjóðnum skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé  $5\%$  af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

4. gr.

- a. Í stað orðanna í 1. málsgr. 9. gr. laganna:  $\geq 4\%$  landverðs að viðbættum  $2\%$  húsaveiðs komi:  $5\%$  landverðs að viðbættum  $4\%$  húsaveiðs.
- b. Aftan við sömu grein bætist ný málsgr.:

Ef lán er endurgreitt fyrir umsaminn tíma, er lánþega að jafnaði skylt að endurgreiða til sjóðsins þann vaxtamun, sem verið hefði á láninu, ef það hefði verið tekið í veðdeild bankans.

5. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Stjórn sjóðsins er heimilt að lána til nauðsynlegra bygginga á fjórum fyrirmyndarþúum, einu í hverjum fjórðungi, með sömu lánskjörum sem til nýbýla, gegn afgjaldskvöð, að því tilskildu, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með stofnun þeirra og hafi sjálf yfirumsjón með rekstri þeirra.

6. gr.

Fyrri málsgr. 18. gr. laganna falli burt.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.